

Fylgt úr hlaði

Á Alþingi Íslendinga síðastliðið vor var samþykkt þingsályktunartillaga um skipulagða leit eða skimun eftir krabbameini í ristli og endaparmi, sem hefja skal árið 2008. Ítarleg greinargerð fylgir þingsályktunartillögunni, þar sem rakinn er hinn vísindalegi bakgrunnur sem styður tillöguna.

Lengi hefur verið deilt um árangur slíkrar leitar og hvaða leitar aðferðum best er að beita. Aðeins ein aðferð hefur verið skoðuð í stórum sam-amburðarrannsóknnum (með þátttöku 240 þúsund einstaklinga), en það er athugun á blóði í hægðum (FOBT) og síðan alrístilspeglun (colonoscopy) fyrir þá einstaklinga þar sem blóð finnst. Sýnt hefur verið fram á lækun í dánartíðni (mortality) í 20-25% tilfella þar sem þessari aðferð er beitt. Niðurstöðurnar hafa leitt til þess að í mörgum löndum Evrópu hefur skimun hafist, bæði með skipulögðum og óskipulögðum hætti og mismunandi rannsóknaraðferðum.

Leitað er að nákvæmari skimunaraðferðum. Alrístilspeglun er væntanlega nákvæmasta rannsóknaraðferðin og ef eitthvað finnst, til dæmis kirtlaxli (adenomatous polyp) sem er forstíg flestra illkynja meina í ristli, má fjarlægja það í leiðinni. Hér skortir hins vegar vandáðar sam-amburðarrannsóknir, alrístilspeglun til stuðnings sem skimunaraðferð.

Mikilvægt er að hefja skipulagða leit eða skimun eftir þessu krabbameini. Einnig er mikilvægt að halda áfram að leita betri leiða til þess að auðvelda greiningu og meðferð.

Íslendingar eiga að vera þátttakendur í slíku starfi, enda er ályktunin, um skimun eftir krabbameini í ristli og endaparmi sem hér fer á eftir, vitnisburður um samstöðu fagfélaga og annarra aðila í baráttunni gegn þessum illvíga sjúkdómi.



Ásgeir
Theodórs

Tryggvi
Stefánsson

Höfundar eru skurðlæknar.

Félag áhugamanna um sögu læknisfræðinnar



boðar til fræðslufundar
fimmtudaginn 25. október 2007, kl. 20:00
í Hringstal Barnaspítala Landspítala

Porkell Guðbrandsson, yfirlæknir,
sérfræðingur í lyflækningum og hjartasjúkdómum

Háprýstingur í sögulegu samhengi

Háprýstingur sem klínískt vandamál á sér ekki langa sögu í sagnfræðilegri merkingu. Hins vegar er saga tilrauna manna til að átta sig á fyrirbærum blóðrásar mun lengri og má þar telja til athuganir með púlspreifingu og tilraunir til að mæla púlsbylgjuna og síðar sjálfan blóðþrýstinginn. Farið verður stuttlega yfir sögu meðferðar háprýstings fram á okkar daga.

Eftir fundinn er boðið upp á kaffi

Fyrirlesturinn er opinur öllum áhugamönnum um efnið.

Heimasíða félagsins: www.icemed.is/saga/